Nr. 42.
13.
nóvbr.

# Lög

um

## verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### Fyrsti kafli.

### Verzlanaskrár.

1. gr.

Í öllum lögsagnarumdæmum á Íslandi skulu lögreglustjórar halda verzlanaskrár, og skal í þær rita tilkynningar þær, er getur um í lögum þessum, eða heimilað verður með öðrum lögum, að setja í skrárnar.

2. gr.

Tilkynning til innritunar á verzlanaskrá skal vera skrifleg og henni fylgja lögboðin borgun fyrir skrásetning og auglýsing.

Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skrásetningarvaldsmanns, skulu undirskriptir þeirra staðfestar af nótaríus.

3. gr.

Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm, eða ef í henni stendur eitthvað, sem eigi er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal þeirri tilkynning vísað frá og skal skrásetningarvaldsmaður senda tilkynnanda sem allra fyrst skeyti um frávísun þessa og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir frávísun heimildarlaus, getur hann skotið málinu til landshöfðingja, er leggur úrskurð á það, en óskertur skal þó rjettur hans til að leita úrskurðar dómstólanna um málið.

4. gr.

Skrásetningarvaldsmaður skal á kostnað tilkynnanda tafarlaust birta hverja tilkynning, sem hefur verið rituð í skrána í blaði því, sem löggilt er til að flytja

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Handelsregistre, Firma og Prokura.

Nr. 42.
13de
Novbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### Første Kapitel.

### Handelsregistre.

§ 1.

I enhver af Landets Retskredse skal der af Politimesteren føres et Handelsregister, i hvilket blive at indføre de Anmeldelser, som omhandles i denne Lov, eller hvis Optagelse i Registret ellers maatte blive lovhjemlet.

§ 2.

Anmeldelse til Handelsregistret skal ske skriftlig og være ledsaget af den anordnede Betaling for Registrering og Kundgørelse.

For saa vidt Anmelderne ikke give personligt Møde for Registreringsmyndigheden, skulle deres Underskrifter være notarielt bekræftede.

§ 3.

Fyldestgør en Anmeldelse ikke Lovens Forskrifter, eller indeholder den noget, hvis Indførelse i Registret ikke er lovhjemlet, skal Anmeldelsen afvises og Registreringsmyndigheden snarest muligt meddele Anmelderen Underretning om Afvisningen og Grunden til samme.

Finder Anmelderen Afvisningen ubeføjet, kan han rette sin Anke derover til Landshøvdingen, som da afgør Sagen, uden at vedkommendes Adgang til at faa Spørgsmaalet afgjort ved Rettergang derved indskrænkes.

§ 4.

Registreringsmyndigheden skal uopholdelig paa Anmelderens Bekostning lade enhver i Registret indført Anmeldelse indrykke i den til offentlige Bekendtgørelser

Nr. 42. almennar auglýsingar á Íslandi. Sje eigi öðruvísi ákveðið í lögum, skal tilkynningin
13. nóvbr. öll sett í auglýsinguna, en eigi fylgiskjöl hennar.

Landstjórnin lætur við hver árslok birta í B-deild stjórnartíðindanna skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

5. gr.

Landshöfðingi setur ýtarlegar reglur um, hvernig halda skuli verzlanaskrár.

6. gr.

Nú þykir einhverjum tilkynning, sem rituð er í verzlanaskrá, vera sjer skaðleg, og liggur það þá undir úrskurð dómstólanna, hvort afmá skuli tilkynninguna.

7. gr.

Það, sem skrásett hefur verið samkvæmt lögum þessum og birt í blaði því, sem getur um í 4. gr., skal talið kunnugt almenningi, nema atvik sjeu svo vaxin að álíta megi, að menn hvorki hafi haft vitneskju um það, nje til þess verði ætlazt af þeim.

Nú hefur birtingin eigi fram farið, og hefur tilkynningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum, nema sannað verði, að þeir hafi haft vitneskju um hana.

## Annar kafli.

## **Firmu.**

8. gr.

Hver sá, er rekur verzlun (35. gr.), handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hjer fara á eptir um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskript fyrir hana (*firma*).

9. gr.

Firma einstaks manns skal vera fullt nafn hans; þó má skammstafa skírnarnafnið. Í firmanu má eigi vera neitt, sem bendir á fjelagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

Firma fjelags, er hefur ótakmarkaða ábyrgð, skal að minnsta kosti vera nafn eins fjelagsmanns með viðauka, er bendir á fjelagsskapinn, svo framarlega nöfn allra fjelagsmanna eru ekki tekin upp á það.

Firma samlagsfjelags skal að minnsta kosti vera nafn eins fjelagsmanns, er hefur ótakmarkaða ábyrgð, með viðauka, sem bendir á fjelagsskap, eða gefur til kynna, að fjelagið sje samlagshlutafjelag, ef tillög samlagsmanna eru í hlutabrjefum. Í firma fjelags með ótakmarkaðri ábyrgð og í firma samlagsfjelags má eigi taka upp nöfn annara en þeirra fjelagsmanna, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og eigi má taka neitt upp í það, sem fer í þá átt að takmarka ábyrgð þeirra fjelagsmanna, sem hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Firma hlutafjelags skal tilgreina, að fjelagið sje hlutafjelag.

Önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð skulu í firmum sínum hafa orð, er merki starfsemi fjelagsins; ekkert mannsnafn má í þeim vera..

i Island autoriserede Avis. Kundgørelsen skal, naar ikke andet særlig er fastsat i Loven, omfatte Anmeldelsens hele Indhold, men ikke de samme vedlagte Bilag. Nr. 42. 13de Novbr.

Regeringen lader ved hvert Aars Slutning i Regeringstidendes Afdeling B bekendtgøre en Fortegnelse over de i Aarets Løb kundgjorte Anmeldelser.

§ 5.

De nærmere Regler om Handelsregistrets Førelse gives af Landshøvdingen.

§ 6.

Antager nogen, at en i Handelsregistret optagen Anmeldelse er ham til Skade, hører Spørgsmaalet om Anmeldelsens Udslettelse under Domstolenes Afgørelse.

§ 7.

Det, som overensstemmende med denne Lov er blevet registreret og kundgjort i den i § 4 nævnte Avis, skal anses for at være kommet til Trediemands Kundskab, saafremt Omstændighederne ikke give Grund til at antage, at han hverken har eller burde have været vidende derom.

Saalænge saadan Kundgørelse ikke har fundet Sted, er Anmeldelsen uden Betydning over for Trediemand, medmindre det bevises, at han har haft Kundskab derom.

## Andet Kapitel.

## Firma.

§ 8.

Enhver, der driver Handel (jfr. § 35), Haandværksnæring eller Fabriksvirksomhed, er i Henseende til det Navn, hvorunder Forretningen drives og Underskrift med Hensyn til samme meddeles (Firma), underkastet de nedenstaaende Bestemmelser.

§ 9.

Enkeltmands Firma skal indeholde hans fulde Navn, dog at Fornavnet kan forkortes. Det maa ikke indeholde noget, som antyder et Selskabsforhold eller, at Ansvaret er begrænset.

Et ansvarligt Selskabs Firma skal, naar ikke alle Medlemmers Navne ere optagne i samme, indeholde mindst et Medlems Navn samt et Tillæg, der antyder et Selskabsforhold.

Et Kommanditselskabs Firma skal indeholde mindst et fuldt ansvarligt Medlems Navn med et Tillæg, der antyder et Selskabsforhold eller, forsaavidt Kommanditisternes Indskud er fordelt paa Aktier, betegner Selskabet som et Kommanditaktieselskab. I et ansvarligt Selskabs eller Kommanditselskabs Firma maa ikke optages Navnet paa andre Personer end fuldt ansvarlige Medlemmer eller noget, der gaar ud paa at begrænse Ansvaret for Selskabets fuldt ansvarlige Medlemmer.

Et Aktieselskabs Firma skal betegne Selskabets Egenskab af Aktieselskab.

Andre Selskaber med begrænset Ansvar skulle i deres Firma optage et Virksomheden betegnende Udtryk; saadant Firma maa ikke indeholde noget Personnavn.

10. gr.

Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Í firma má eigi nefna fyrirtæki, er ekki standa í sambandi við atvinnuna; eigi má heldur halda firma því óbreyttu, er tilgreinir ákveðna atvinnugrein, ef veruleg breyting hefur verið gjörð á henni.

Firmu þau, er sett eru á skrá fyrir sama kaupstað eða hrepp, skal greina glöggt hvert frá öðru. Sá, sem tilkynnir firma með nafni sínu, skal því, ef samnefnt firma er þegar sett á skrá fyrir einhvern annan í sama kaupstað eða hrepp, greina firma sitt glöggt frá hinu eldra firma með viðauka við nafn sitt eða á annan hátt. Sá, sem eigi tilkynnir firma, en ætlar að reka atvinnu með nafni sjálfs sín (sbr. 16. gr.), má ekki stæla skrásett firma, sem hefur sama nafn, með því að bæta við nafn sitt, fella úr því eða breyta.

11. gr.

Ekkja, sem heldur áfram atvinnu manns síns látins, og kvæntur maður, sem heldur áfram atvinnu þeirri, sem kona hans hefur rekið, má halda firmanu óbreyttu. Sama rjett hafa erfingjar, er halda áfram atvinnu látins manns með ótakmarkaðri ábyrgð, ef hann hefur leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir, og hinn látni hefur ekki gjört aðra ráðstöfun.

12. gr.

Nú gjörist maður fjelagsmaður í atvinnu, sem einn maður, fjelag með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfjelag hefur rekið til þess tíma, og má þá halda firmanu óbreyttu eptir sem áður. Hið sama er og ef maður fer úr fjelagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfjelagi; þó má eigi halda nafni hans í firmanu, nema hann hafi leyft það, eða, ef hann er látinn og hefur eigi gjört aðra ráðstöfun, allir erfingjar hans hafa gefið samþykki sitt til þess.

13. gr.

Þegar atvinna, sem um getur í 12. gr., er afsöluð einstökum manni, fjelagi með ótakmarkaðri ábyrgð eða samlagsfjelagi, skal heimilt að semja svo um, að halda megi firmanu óbreyttu með viðauka, er sýni að eigandaskipti hafi orðið.

Firmu verða eigi afsöluð frekar en sagt er hjer á undan.

14. gr.

Nú er svo ákveðið í fjelagi með ótakmarkaðri ábyrgð, að firma verði eigi ritað svo gilt sje, nema fleiri en einn af fjelagsmönnum gjöri það, og skulu þeir þá undirrita nöfn sín um leið og þeir rita firmað.

Með firmaritun fyrir hönd hlutafjelags eða annars fjelags með takmarkaðri ábyrgð skulu vera undirrituð nöfn þeirra, sem hafa rjett til að rita firmað.

15. gr.

Nú er fulltrúum (skuldarlúkningarmönnum, forráðamönnum) falið á hendur að stjórna atvinnu með rjetti til að rita firmað, eða erfingjar halda um sinn áfram atvinnunni að látnum eiganda, og skal þá rita firmað á þann hátt, að breyting þessi sjáist af undirskriptinni.

§ 10.

Ingen maa i sit Firma optage Andenmands Navn eller Navnet paa Andenmands faste Ejendom uden hans Tilladelse. Et Firma maa ikke indeholde Angivelse af Foretagender, der ikke staa i Forbindelse med Forretningen; ej heller maa et Firma, som angiver en bestemt Art af Forretning, bibeholdes uforandret, naar denne er væsentlig forandret.

De i Registret for samme Købstad eller Repskommune indførte Firmaer skulle tydelig adskille sig fra hverandre. Den, som anmelder et Firma, hvori hans Navn findes, skal derfor, naar det samme Firma allerede er indført i Registret for nogen anden i samme Købstad eller Rep, ved et Tillæg til sit Navn eller paa anden Maade tydeligt adskille sit Firma fra det ældre. Den, som uden at gøre Firmaanmeldelse vil drive Forretning under eget Navn, (jfr. § 16), maa ikke ved Tilføjelser, Udeladelser eller Ændringer i dette efterligne indregistrerede Firmaer, som indeholde det samme Navn.

§ 11.

Enke, som fortsætter sin afdøde Mands Forretning, samt Ægtemand, som fortsætter den af hans Hustru drevne Forretning, kan benytte Firmaet uforandret. Arvinger, som med fuldt Ansvar fortsætte den afdødes Forretning, have samme Ret, saafremt den afdøde har tilladt det, eller, naar han er død uden at have taget anden Bestemmelse, alle Arvinger samtykke deri.

§ 12.

Indtræder nogen som Medlem i en Forretning, der hidtil har været dreven af Enkeltmand, et ansvarligt Selskab eller et Kommanditselskab, kan Firmaet vedblivende føres uforandret. Det samme gælder, hvis et Medlem udtræder af et ansvarligt Selskab eller af et Kommanditselskab; dog maa hans Navn ikke bibeholdes i Firmaet, medmindre han har tilladt det, eller, hvis han er død uden at have taget anden Bestemmelse, alle hans Arvinger samtykke deri.

§ 13.

Ved Overdragelse til Enkeltmand, ansvarligt Selskab eller Kommanditselskab af en af de i § 12 omhandlede Forretninger skal det være tilladt at vedtage, at Firmaet bibeholdes med et Tillæg, som antyder Efterfølgerforholdet.

Udenfor de ovennævnte Tilfælde kan Overdragelse af Firma ikke finde Sted.

§ 14.

Er det vedtaget i et ansvarligt Selskab, at Retten til at tegne Firmaet kun kan udøves af flere Medlemmer i Forening, skulle disse tillige underskrive deres Navne.

Firmategning for et Aktieselskab eller andet Selskab med begrænset Ansvar bør være ledsaget af Underskrift af dem, der ere berettigede til at tegne Firmaet.

§ 15.

Stilles en Forretning under Bestyrelse af Tillidsmænd (Likvidatorer, Administratorer) med Ret for dem til at tegne Firmaet, eller fortsættes en Forretning efter Indehaverens Død midlertidig af Arvingerne, bør Firmategningen ske paa saadan Maade, at det forandrede Forhold deraf fremgaar.

Nr. 42. 13. nóvbr.

16. gr.

Firma eins manns er eigi skylt að tilkynna frekar en sjálfur vill, — sjá þó 21. gr. — en öll önnur firmu skal tilkynna, áður en atvinnureksturinn byrjar; tilkynning skal gjöra til innritunar í verzlanaskrá í því umdæmi (1. gr.), þar sem skrifstofa atvinnunnar er. Hið sama er og, þegar atvinnudeild (útibú) er sett á fót undir sjerstakri stjórn; sje útibúið ekki í sama umdæmi sem aðalskrifstofan, skal valdsmaður, svo fljótt sem verða má eptir að tilkynningin hefur verið skrásett, auglýsa hana í blaði því, sem löggilt er til að flytja almennar auglýsingar á Íslandi. Útibú erlendrar atvinnu skal talið sjálfstæð atvinna, og skal stjórn þess tilkynna það.

Í hlutafjelögum og öðrum fjelögum með takmarkaðri ábyrgð hvílir tilkynningarskyldan á stjórn fjelagsins; annars hvílir hún á öllum fjelagsmönnum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð.

Tilkynningu skulu allir þeir undirskrifa, er skylt er að tilkynna firmað.

17. gr.

Þegar firma eins manns er tilkynnt, skal tilgreint auk firmans:

1. Fullt nafn hans og heimili,
2. tegund atvinnunnar, og
3. það bæjar- eða sveitarfjelag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er.

18. gr.

Tilkynning um fjelag með ótakmarkaðri ábyrgð skal tilgreina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimili allra fjelagsmanna,
2. tegund atvinnunnar,
3. það bæjar- eða sveitarfjelag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er; og svo framarlega sem hver einstakur fjelagsmaður hefur ekki rjett til að rita firmað:
4. hver þá hafi rjett til þess, svo og hvort aðeins fleiri í sameiningu hafi rjett til þess.

Hið sama er og um tilkynning samlagsfjelaga; þó skal auk þess tekið fram í henni með berum orðum, að fjelagið sje samlagsfjelag, og sje það almennt samlagsfjelag, skal hún einnig skýra frá nöfnum allra samlagsmanna og tillögum þeirra, en sje það samlagshlutafjelag, skal hún skýra frá atriðum þeim, er talin eru í 19. gr. 1. og 4.—7. lið, og skulu samþykktir fjelagsins fylgja. Auk þess skal fylgja með yfirlýsing frá samlagsmönnum um, að tilkynning sje gjörð með samþykki þeirra, eða frá eptirlitsnefnd þeirra, ef hún hefur í höndum fullnægjandi heimildarskilríki. Eigi skal auglýsa nöfn samlagsmanna nje tillög þeirra.

19. gr.

Tilkynning um hlutafjelag skal tilgreina auk firmans:

1. Dagsetning samþykkta þess;
2. tegund atvinnunnar;
3. það bæjar- eða sveitarfjelag, þar sem skrifstofa atvinnunnar (útibúsins) er;
4. upphæð framboðins hlutafjár og skipting þess í hluti;
5. hvort hlutabrjefin hljóði á nafn eða handhafa;
6. hvort hlutir sjeu goldnir að fullu, og ef svo er eigi, hvenær krefjast megi borgunar;

§ 16. 

Anmeldelse af Enkeltmands Firma er en frivillig Sag, — jfr. dog § 21 — men alle andre Firmaer skulle anmeldes, forinden Forretningen træder i Virksomhed; Anmeldelsen gøres til Handelsregistret i den Kreds (§ 1), hvor Forretningskontoret findes. Det anførte gælder ogsaa, naar der oprettes en under særskilt Bestyrelse staaende Forretningsafdeling (Filial); ligger Filialen ikke i samme Kreds som Hovedkontoret, skal vedkommende Myndighed snarest muligt efter Anmeldelsens Registrering bekendtgøre Anmeldelsen i den til offentlige Bekendtgørelser i Island autoriserede Avis. Udenlandsk Forretnings Filial betragtes som selvstændig Forretning og skal anmeldes af sin Bestyrelse.

Forsaavidt angaar Aktieselskaber og andre Selskaber med begrænset Ansvar, paahviler Anmeldelsespligten Selskabets Bestyrelse; ellers paahviler den samtlige fuldt ansvarlige Medlemmer af Selskabet.

Anmeldelsen skal være underskreven af samtlige anmeldelsespligtige Personer.

§ 17.

Anmeldelse af Enkeltmands Firma, naar saadan finder Sted, skal foruden Firmaet angive:

1. hans fulde Navn og Bopæl,
2. Forretningens Art, samt
3. den Kommune, hvor Forretningens (Filialens) Kontor findes.

§ 18.

Et ansvarligt Selskabs Anmeldelse skal foruden Firmaet angive:

1. samtlige Medlemmers fulde Navn og Bopæl,
2. Forretningens Art,
3. den Kommune, hvor Forretningens (Filialens) Kontor findes,
   og, saafremt ikke hvert enkelt Medlem har Ret til at tegne Firmaet:
4. hvem saadan Ret tilkommer, samt om denne Ret kun kan udøves af flere i Forening.

Det samme gælder om Kommanditselskabers Anmeldelse, dog at denne tillige skal indeholde en udtrykkelig Angivelse af denne Selskabets Egenskab og, hvis det er et almindeligt Kommanditselskab, Oplysning om hver enkelt Kommanditists Navn og Indskud, eller, hvis det er et Kommanditaktieselskab, en med Selskabets Vedtægter bilagt Meddelelse om de i § 19 under 1 og 4—7 omhandlede Punkter. Derhos skal som Bilag vedlægges en Erklæring fra Kommanditisterne eller, forsaavidt tilstrækkelig Legitimation foreligger, fra deres Tilsynsraad om, at Anmeldelsen sker med deres Samtykke. Kommanditisternes Navne og Beløbet af deres Indskud bekendtgøres ikke.

§ 19.

Et Aktieselskabs Anmeldelse skal foruden Firmaet angive:

1. Vedtægternes Dato,
2. Forretningens Art,
3. den Kommune, hvor Forretningens (Filialens) Kontor findes,
4. den tegnede Aktiekapitals Størrelse og Fordeling i Aktier,
5. om Aktierne ere udstedte paa Navn eller til Ihændehaver,
6. om Aktierne ere fuldt indbetalte og i modsat Fald, naar Indbetaling kan kræves,

Nr. 42.
13. nóvbr.

7. hvort auglýsingar til fjelagsmanna skuli birta í almennum frjettablöðum, og þá hverjum;
8. fullt nafn og heimili stjórnendanna;
9. hverjum þeirra sje heimilt að rita firmað.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir fjelagsins og nægileg umboðsskilríki fyrir stjórnendur.

20. gr.

Ákvæði 19. greinar um tilkynning um firma hlutafjelags eiga og við önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, þannig, að í tilkynningu um þau sje gefin skýrsla um ábyrgð fjelagsmanna gagnvart öðrum, ef ákvæði hafa gerð verið um hana.

21. gr.

Nú verður breyting á því, sem ritað er í verzlanaskrá, eða þær breytingar verða, sem getur um í 11.—13. gr. og 15. gr., og skal þá, enda þótt tilkynning um firma hafi eigi áður gerð verið, gera tilkynning um þetta svo fljótt sem unnt er, á sama hátt sem fyrir er skipað um firmatilkynningar; þó þarf eigi að tilkynna flutning heimilis. Þegar breyting annars er gerð á samþykktum fjelaga þeirra, er getur um í 19. gr., sbr. 18. gr. 2. lið og 20. gr., skal tilkynna, hvaða dag breytingin hefur verið samþykkt og senda afrit af henni.

Nú hættir atvinna, og hvílir þá tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem þá rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í fjelagsstjórn, ef um hlutafjelag eða annað fjelag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða. Nú deyr sá, er atvinnu rekur, og hvílir tilkynningarskyldan þá á búi hans; þegar fjelag með ótakmarkaðri ábyrgð hættir við lát eins fjelagsmanns, hvílir tilkynningarskyldan bæði á hinum fjelagsmönnunum, er hafa ótakmarkaða ábyrgð, og á búi hins látna. Þegar aðrar breytingar verða, án þess að atvinna hætti, hvílir tilkynningarskyldan á hverjum þeim, sem eptir breytinguna rekur atvinnuna eða er hluthafi í henni með ótakmarkaðri ábyrgð eða er meðlimur í fjelagsstjórn, ef um hlutafjelag eða annað fjelag með takmarkaðri ábyrgð er að ræða.

Þegar atvinna flyzt í annað bæjarfjelag eða sveitarfjelag, eða þegar firmanu sjálfu er breytt, skal einnig gerð fullkomin firmatilkynning.

Sje það úrskurðað með dómi, að eigi hafi átt að rita tilkynningu í verzlanaskrá, eða að eitthvað það sje fallið burt eða breytt, sem ritað hefur verið í skrána, skal gera athugasemd um þetta á hana, ef einhver málsaðila krefst þess, og auglýsa athugasemdina samkvæmt 4. gr.

Þegar gjaldþrot verður, skal skiptarjettur annast um, að gerð sje athugasemd í verzlanaskránni um byrjun og lok gjaldþrotaskiptanna.

22. gr.

Um leið og firma er tilkynnt, skulu þeir, sem rjett hafa til að rita firmað, rita nafn þess með eigin hendi í verzlanaskrána eða viðauka hennar, ef nafnskript þess eigi stendur í tilkynningunni. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefur tilkynnt verið.

7. om Bekendtgørelser til Medlemmerne skulle ske i offentlige Tidender, og i saa Fald i hvilke,
8. Bestyrelsesmedlemmernes fulde Navne og Bopæl,
9. hvem af disse der er berettiget til at tegne Selskabets Firma.

Med Anmeldelsen skal som Bilag følge Selskabets Vedtægter samt behørig Legitimation for Bestyrerne.

§ 20.

Hvad der i § 19 er fastsat om Anmeldelse af et Aktieselskabs Firma, finder tilsvarende Anvendelse paa andre Selskaber med begrænset Ansvar, saaledes at der i Anmeldelsen skal meddeles Oplysning om de Bestemmelser, som maatte være vedtagne angaaende Medlemmernes Ansvar lige over for Tredjemand.

§ 21.

Sker Forandring i noget Forhold, hvorom Tilførsel er gjort i Handelsregistret, eller indtræder, ogsaa hvor Anmeldelse ikke tidligere har fundet Sted, noget af de i §§ 11—13 og 15 omhandlede Forhold, skal Anmeldelse herom snarest muligt gøres under Iagttagelse af Forskrifterne om Fremgangsmaaden ved Anmeldelse af Firma; dog behøver Forandring af Bopæl ikke at anmeldes. Foregaar der ellers nogen Forandring i Vedtægterne for et af de i § 19 jfr. § 18 2det Led og § 20 omhandlede Selskaber, skal Dagen for den besluttede Forandring anmeldes og et Eksemplar af Beslutningen vedlægges.

Naar Forretningen ophører, paahviler Anmeldelspligten enhver, som paa den Tid var Indehaver af eller ansvarlig Deltager i samme eller, forsaavidt angaar Aktieselskab eller andet Selskab med begrænset Ansvar, Medlem af dets Bestyrelse. Dør Indehaveren af en Forretning, paahviler Anmeldelsespligten hans Bo; ophører et ansvarligt Selskab paa Grund af et Medlems Død, paahviler Anmeldelsespligten saavel de andre ansvarlige Medlemmer som den afdødes Bo. Naar der er Spørgsmaal om andre Forandringer end Forretningens Ophør, paahviler Anmeldelsespligten enhver, som efter Forandringen er Indehaver af eller ansvarlig Deltager i Forretningen eller, forsaavidt angaar Aktieselskab eller andet Selskab med begrænset Ansvar, Medlem af dets Bestyrelse.

Flyttes Forretningen til en anden Kommune, eller forandres selve Firmaet, skal tillige fuldstændig Firmaanmeldelse gøres.

Er det ved Dom blevet afgjort, at en Anmeldelse ikke burde have været optagen i Handelsregistret, eller at et Forhold, hvorom Tilførsel er gjort i dette, er forandret eller ophørt, skal der herom paa Forlangende af nogen af Parterne i Registret optages en Bemærkning, der bliver at kundgøre overensstemmende med § 4.

I Tilfælde af Konkurs skal Skifteretten foranledige tilført Handelsregistret en Bemærkning om Konkursbehandlingens Aabning og Ophør.

§ 22.

Samtidig med, at et Firma anmeldes, skulle de, der ere berettigede til at tegne Firmaet, egenhændigt indskrive Firmategningen i Handelsregistret eller i et særligt Tillæg til dette, forsaavidt saadan Firmategning ikke er meddeldt paa Anmeldelsen. Paa samme Maade forholdes, naar der sker Anmeldelse om, at nogen faar Ret til at tegne et tidligere anmeldt Firma.

23. gr.

13. nóvbr. Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr., eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hjer að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefur verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

24. gr.

Með mál þau, sem getur um í 23. gr., skal fara sem almenn lögreglumál.

Þriðji kafli.

## Prókúra.

25. gr.

Ef firmahafi samkvæmt lögum þessum hefur gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefur á annan hátt lýst því yfir, þá hefur umboðsmaðurinn vald til fyrir umbjóðanda að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúruhafi eigi selja nje veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.

26. gr.

Prókúru má veita fleiri mönnum en einum þannig, að þeir aðeins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

27. gr.

Umboð prókúruhafa samkvæmt 25. gr. má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það.

28. gr.

Þegar prókúruhafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöfum, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p. p. eða annari skammstöfun þessara orða, og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriptanna, þegar prókúran var gefin.

29. gr.

Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína.

30. gr.

Prókúru má taka aptur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda.

31. gr.

Umbjóðandi getur tilkynnt prókúru til upptöku á verzlanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef firmahafi tilkynnti firmað, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum, frekar en heimilað er í 25. og 26. gr.

Um leið og prókúra er tilkynnt, skal prókúruhafi rita firmað og nafn sitt í verzlanaskrána eða viðauka hennar, sje það eigi gert í tilkynningunni.

§ 23.

Den, som overtræder Bestemmelserne i §§ 9—13, eller som undlader at gøre nogen oven foreskreven Anmeldelse eller, naar hans Anmeldelse er bleven afvist eller udslettet af Registret, undlader at gøre ny Anmeldelse, straffes med Bøder fra 5 til 500 Kr. Bøderne tilfalde Landskassen.

§ 24.

De i § 23 ommeldte Sager behandles som offentlige Politisager.

## Tredie Kapitel.

## **Prokura.**

§ 25.

Har Indehaveren af et under denne Lovs Bestemmelser henhørende Firma givet nogen en Fuldmagt, der udtrykkelig betegner sig som Prokura, eller har han paa anden Maade erklæret dette, er Fuldmægtigen bemyndiget til i alt, hvad der hører til Driften af Fuldmagtgiverens Forretning, at handle paa hans Vegne og tegne Firmaet. Dog maa Prokuristen ikke uden udtrykkelig Bemyndigelse afhænde eller behæfte Fuldmagtgiverens faste Ejendomme.

§ 26.

Prokura kan meddeles flere Personer saaledes, at den kun kan benyttes af disse i Forening (Kollektivprokura).

§ 27.

Den Prokuristen i Medfør af § 25 tilkommende Beføjelse kan ikke med Retsvirkning lige over for godtroende Tredjemand indskrænkes til bestemt Tid eller paa anden Maade begrænses.

§ 28.

Prokuristen bør, naar han meddeler Underskrift, til Firmaet føje et Tillæg, der antyder Prokuraforholdet, saasom per procura, p. p. eller anden Forkortelse af disse Ord, samt tillige undertegne sit Navn. Ved Kollektivprokura bliver at iagttage, hvad der med Hensyn til Antallet af Underskrifter er foreskrevet ved Prokuraens Meddelelse.

§ 29.

En Prokurist kan ikke overføre Prokuraen til en anden.

§ 30.

Prokura kan til enhver Tid tilbagekaldes. Fuldmagtgiverens Død medfører ikke Prokuraens Ophør.

§ 31.

Prokura kan af Fuldmagtgiveren anmeldes til det Handelsregister, hvori Firmaet er indført, eller, i Tilfælde af Anmeldelse, vilde være at indføre, men maa i saa Fald ikke indeholde nogen Begrænsning eller noget Forbehold, der ikke er hjemlet ved §§ 25 og 26.

Samtidig med, at Prokuraen anmeldes, skal Prokuristen tegne Firmaet og sin Underskrift i Handelsregistret eller i et særligt Tillæg til samme, forsaavidt det ikke er sket paa Anmeldelsen.

Nr. 42. 13. nóvbr.

32. gr.

Sje tilkynntri prókúru breytt eða hún tekin aptur, skal það tilkynnt og tekið upp í verzlanaskrána.

## Fjórði kafli.

## Almenn ákvæði.

33. gr.

Við framkvæmd laga þessara skal það athugað, er hjer segir:

a. Samlagsfjelag er það fjelag talið, sem í eru einn eða fleiri fjelagsmenn, er ábyrgjast með öllum eigum sínum einn fyrir alla og allir fyrir einn skuldir fjelagsins (fjelagsmenn með ótakmarkaðri ábyrgð), og einn eða fleiri fjelagsmenn, er eigi ábyrgjast skuldir fjelagsins fram yfir það, er tillög þeirra ná eða hlutafje það, sem tilkynnt hefur verið á verzlanaskrána, að þeir hafi lagt í atvinnuna. Nú eru í fjelaginu fleiri en einn fjelagsmaður með ótakmarkaðri ábyrgð, og er það þá jafnframt fjelag með ótakmarkaðri ábyrgð.

b. Nú leggur maður fje í atvinnu, en sendir eigi tilkynningu um það í verzlanaskrána, og hefur það þá engin áhrif á ákvæði laga þessara um þá, er reka atvinnuna, hvort sem það er einn maður eða fjelag.

c. Hvert það fjelag, er hefur breytilega fjelagtölu eða breytilegan fjárstofn, skal talið fjelag með takmarkaðri ábyrgð, þótt fjelagsmenn hafi ótakmarkaða ábyrgð.

34. gr.

Þegar firmahafi er lögsóttur út af einhverju því, er snertir atvinnuna, má höfða málið fyrir sáttanefnd og rjetti þar, sem skrifstofa atvinnunnar er samkvæmt tilkynningu til verzlanaskrárinnar. Í málum þessum má og skoða skrifstofuna sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir. Nú hefur atvinnurekandi útibú á öðrum stað og stjórn útbúsins er völd að þeirri skuldbindingu, er málið rís af, og má þá og höfða það fyrir sáttanefnd og rjetti á þeim stað, og skoða skrifstofu útibúsins sem heimili að því er stefnubirtingu og stefnufrest snertir.

35. gr.

Verzlunarmenn eða í flokki með þeim eru í lögum þessum taldir:

a. Hver einstaklingur eða fjelag, sem rekur verzlun með borgarabrjefi eða leyfisbrjefi til verzlunar — þar með talin pöntunar- og framleiðslufjelög og önnur slík fjelög, ef starfsemi þeirra verður talin atvinnurekstur — eða rekur að staðaldri víxlara- eða bankastörf, miðlunarstörf við vöruflutninga, vátryggingarstörf gegn iðgjöldum, eða hefur á hendi erindrekstur fyrir vátryggingarfjelög.

b. Sparisjóðir.

Undanskilin eru fjelög, er samþykktir þeirra eru ákveðnar með lögum.

Þeir, sem hafa rjett til að verzla, en eru eigi tilkynningarskyldir, svo og hlutafjelög og samlagsfjelög, þó eigi sjeu tilkynningarskyld, og innbyrðis tryggingarfjelög mega þó krefjast upptöku á verzlanaskrá, og verða þá að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

§ 32.

Forandringer i eller Tilbagekaldelse af en anmeldt Prokura skal anmeldes til og optages i Handelsregistret.

## Fjerde Kapitel.

## Almindelige Bestemmelser.

§ 33.

Ved Anvendelsen af Bestemmelserne i denne Lov bliver følgende at iagttage:

a. Ved Kommanditselskab forstaas et Selskab, der bestaar af et eller flere Medlemmer, som med deres hele Formue, en for alle og alle for en, hæfte for Selskabets Forpligtelser (fuldt ansvarlige Medlemmer), og af et eller flere Medlemmer, der kun hæfte med de Indskud eller den Aktiekapital, hvormed de til Handelsregistret anmeldes som deltagende i Forretningen. Findes der i et saadant Selskab flere fuldt ansvarlige Medlemmer, er det tillige et ansvarligt Selskab.

b. At der, uden at derom sker Anmeldelse til Handelsregistret, af nogen er gjort Indskud i den paagældende Forretning, er uden Indflydelse paa de angaaende Indehaverne af saadan Forretning, være sig Enkeltmand eller Selskab, i denne Lov indeholdte Bestemmelser.

c. Som Selskab med begrænset Ansvar betragtes ethvert Selskab med vekslende Medlemsantal eller vekslende Kapital, selv om dets Medlemmer ere fuldt ansvarlige.

§ 34.

Sager, hvorunder Indehaveren af et Firma søges i noget Forretningen vedrørende Anliggende, kunne indbringes for Forligelseskommissionen og Retten paa det Sted, hvor Forretningskontoret ifølge den til Handelsregistret afgivne Anmeldelse findes. Derhos kan i saadanne Sager Forretningskontoret med Hensyn til Forkyndelse og Varsel betragtes som Bopæl. Har Forretningen Filial paa andet Sted, og Forpligtelsen er paadragen ved dennes Bestyrelse, kan Sagen tillige indbringes for dette Steds Forligelseskommission og Ret, og Filialens Kontor med Hensyn til Forkyndelse og Varsel betragtes som Bopæl.

§ 35.

Som Handlende eller lige med Handlende anses i denne Lov:

a. Enhver, Enkəltmand eller Selskab, som driver Handel i Henhold til Borgerskab eller Næringsbevis paa Handel — derunder ogsaa Forbrugs- og Produktionsforeninger o. desl., forsaavidt deres Virksomhed maa betragtes som Næringsdrift — eller som søger stadigt Erhverv ved at drive Vekselerer- eller Bankforretninger, Spedition, Assuranceforretninger mod Præmie eller Assuranceagentur.

b. Sparekasser.

Undtagne ere Selskaber, hvis Statuter ere fastsatte ved Lov.

Handelsberettigede, som ikke ere anmeldelsespligtige, Aktieselskaber og Kommanditaktieselskaber, forsaavidt de ikke ere anmeldelsespligtige, samt gensidige Forsikringsselskaber kunne dog fordre Optagelse i Handelsregistret og blive da i det hele underkastede denne Lovs Bestemmelser.

Nr. 42.
13. nóvbr.

36. gr.

Fyrir að taka á móti tilkynningum þeim, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, og fyrir að gefa skýrslur eptir verzlanaskrá og skjölum, er henni fylgja, skulu greidd gjöld þau, er hjer segir, og skulu þau renna til lögreglustjóra:

Fyrir firmatilkynning fjelags, samkvæmt 16. gr. .................... kr. 8.00
Fyrir firmatilkynning eins manns, og fyrir prókúrutilkynning (31. gr.) — 4.00
Fyrir tilkynningar samkvæmt 21. og 32. gr. .......................... — 2.00

þó skal ókeypis skrásetja tilkynningu um, að atvinnu sje hætt.

Þegar svo stendur á, sem segir í 2. málsgr. 16. gr., sbr. 21. gr., skal þó aðeins greitt eitt gjald.

Fyrir tilkynningar um sparisjóði og fjelög með breytilegri fjelagatölu eða breytilegum fjárstofni greiðist ekkert gjald.

Fyrir eptirrit úr skránni um einstakt firma og af öllum skýrslum um það greiðast .................................................. kr. 4.00
Fyrir eptirrit af einni tilkynningu .................................. — 2.00
Fyrir munnlega skýrslu um einstakt firma ............................ — 0.80

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eptirrits úr verzlanaskrá eða munnlegrar skýrslu um atriði, sem þar eru rituð.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1904, og gilda einnig um þau firmu, sem nú eru til og tilkynningarskyld verða samkvæmt lögum þessum, þó með þeim nánari ákvæðum, sem hjer fara á eptir:

1. Tilkynning skal fram fara innan þriggja mánaða eptir að lög þessi hafa gengið í gildi.

2. Firmu má taka upp á verzlanaskrá, eins og þau hafa verið notuð fyrir 1. júlí 1903, þótt þau fullnægi eigi ákvæðum 9. og 10. gr. laga þessara. Þó skal jafnan, er atvinnurekendur hafa takmarkað ábyrgð sjálfra þeirra, án þess það sje tilgreint í firma því, sem þeir hafa notað, bætt við orðunum: „takmörkuð ábyrgð“ eða „limitað“, eða sje um hlutafjelag eða samlagsfjelag að ræða skal bætt við orði, sem einkennir þetta fyrirkomulag fjelagsins.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 13. nóvember 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Nr. 42. Lög 13. nóvember um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.

§ 36.

For Modtagelsen af de i denne Lov foreskrevne Anmeldelser og for Meddelelse af Oplysning af Handelsregistret og de ved samme beroende Aktstykker bliver der at erlægge nedenanførte Betalinger, som tilfalde vedkommende Politimester:

For en Firmaanmeldelse efter § 16 fra et Selskab ........................ 8 Kr.
For en lignende Anmeldelse fra Enkeltmand samt for en Prokuraanmeldelse (§ 31) ........................................................................ 4 —
For Anmeldelser i Henhold til §§ 21 og 32 ............................ 2 —
dog registreres Anmeldelse af Ophør med en Forretning uden Betaling.

I det i § 16 2det Punktum, jfr. § 21, omhandlede Tilfælde erlægges kun enkelt Gebyr.

For Anmeldelser vedrørende Sparekasser samt Selskaber med vekslende Medlemsantal eller vekslende Kapital erlægges ingen Betaling.

For Udskrift af Registret for et enkelt Firmas Vedkommende med alle samme angaaende Oplysninger betales ........................................ 4 Kr.
For Udskrift af en enkelt Anmeldelse ........................................ 2 —
For mundtlig Meddelelse af Oplysning for et enkelt Firmas Vedkommende ... 80 Ø.

Alle offentlige Myndigheder kunne begære Udskrifter af Handelsregistret eller mundtlig Oplysning om de i samme indtagne Forhold uden Betaling.

§ 37.

Denne Lov, der træder i Kraft den 1ste April 1904, finder ogsaa Anvendelse paa bestaaende efter denne Lov anmeldelsespligtige Firmaer med følgende nærmere Bestemmelser:

1. De blive at anmelde i Henhold til denne Lov inden 3 Maaneder efter dens Træden i Kraft.

2. De kunne optages i Handelsregistret, saaledes som de inden 1ste Juli 1903 have været førte, selv om de ikke fyldestgøre Forskrifterne i denne Lovs §§ 9 og 10. Dog skal der i ethvert Fald, hvor Indehavere af en Forretning have begrænset deres personlige Ansvar, uden at dette har fundet sit Udtryk i det brugte Firma, til dette føjes Tillæget „begrænset Ansvar" eller „limiteret", eller, for saa vidt angaar et Aktieselskab eller Kommanditselskab, et Selskabets Egenskab som saadant betegnende Udtryk.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de November 1903.**

Under vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 13de November 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 42. Lov af 13de November om Handelsregistre, Firma og Prokura.